



Akureyrarbær

Jafnréttisviðurkenningar Akureyrar árið 2023

Árlega veitir Akureyrarbær sérstaka viðurkenningu vegna mannréttindamála og í ár eru veittar viðurkenningar í þremur flokkum; í flokki einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja og félagasamtaka.

Stofnunin sem hlýtur mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar árið 2023 er Amtsbókasafnið á Akureyri - fyrir að auka hinsegin sýnileika í samfélaginu. Það hefur safnið gert með margvíslegum hætti, m.a. með því að flagga hinsegin fánum, dregið fram hinsegin bækur og lagt fyrir gesti hinsegin þrautir. Þá standa dyr safnsins öllum opnar og það hefur í gegnum tíðina veitt ýmsum jaðarhópum vettvang og aðstöðu í húsakynnum sínum.

Mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar í flokki félagasamtaka hlýtur FemMA – Femínistafélag Menntaskólans á Akureyri fyrir að vinna gegn staðalímyndum kynjanna. Félagar FemMA hafa í þessu skyni staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum í skólanum, bæði ein sér og í samstarfi við önnur félög. FemMA hefur til að mynda fengið Öfga til að halda fræðslufund, tekið þátt í Gleðidögum í skólanum og staðið fyrir mótmælum gegn kynferðisofbeldi í samstarfi við PrideMA sem er hinseginfélag MA.

Einstaklingurinn sem hlýtur mannréttindaviðurkenningu Akureyrarbæjar er Fayrouz Nouh. Hún hlýtur viðurkenninguna fyrir að miðla reynslu sinni sem flóttamaður, fræða, rannsaka og opna umræðu um menningarlegar hindranir flóttakvenna. Fayrouz var í hópi flóttamanna sem kom frá Sýrlandi til Íslands árið 2016. Hún, eins og annað flóttafólk, kom inn í nýtt ókunnugt samfélag á Akureyri og þurfti að mæta ýmsum áskorunum sem því fylgja. Hún hóf háskólanám á Akureyri, stundar nú doktorsnám við Háskóla Íslands og hefur samhliða náminu komið fram í fjölmiðlum og haldið fjölmörg erindi opinberlega m.a. um múslimakonur á vinnumarkaði og aðlögun flóttakvenna á landsbyggðinni.

Fayrouz hafði því miður ekki kost á að vera hér með okkur en biður fyrir þakkir.

Halla Björk Reynisdóttir
formaður bæjarráðs